




## Úrdráttur úr Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027

## Skipulagsskilmálar

Deiliskipulag þetta er fyrir frístundabyggð í landi lögbýlisins Fannardals í Norðfirði, Fjarðabyggð. Um er að ræða 5 lóðir, sem hver um sig er um 1 ha að stærð. Þegar eru fyrir frístundahús á lóðum Fannardalur 1, Fönn 3 og Fönn 4. Vegir og stígar á svæðinu eru einfaldir malarvegir. Ekki er gert ráð fyrir girðingum umhverfis lóðirnar.

Á hverri lóð skulu vera bílastæði fyrir 2 bíla, hið minnsta.

**Byggingar og byggingarreitir**

Á lóðum eru markaðir byggingarreitir. Innan byggingarreits er heimilt að reisa eitt frístundahús, allt að 110 m² að grunnfleti, á einni hæð, eða ein hæð og nýtanlegt ris. Þakgerð skal vera einhalla þak eða ris og þakhalli ekki minni en 15° og ekki meiri en 45°. Byggingarefni skal vera timbur. Litaval veggja er frjálst, en þök skulu vera í dökkum jarðlitum, svört, dökkgrá, eða dökk-rauðbrún. Sólpallar og skjólveggir skulu vera aðlagaðir útliti húsa og byggðir úr timbri.

Auk frístundahúsa er heimilt að reisa innan byggingarreits allt að 40 m² geymslu eða gestahús á einni hæð, með sömu þakgerð og á frístundahúsi.

Þegar eru byggingar á lóðum Fannardalur 1, Fönn 3 og Fönn 4. Heimilt er að stækka þær að sömu mörkum og með sama hætti og gildir almennt á svæðinu, eða að þau víkji fyrir öðrum húsum, og skal þá að öllu leyti fylgja sömu ákvæðum sem almennt gilda á svæðinu.

**Sameiginleg svæði**

Sameiginlegt leiksvæði er afmarkað í deiliskipulaginu.

**Veitur**

Neysluvatn fyrir svæðið er tekið úr lind skammt fyrir ofan það.

Í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027, kafla 9.1.9, er um tvo valkosti að ræða varðandi fráveitu: Þurrsalerni eða fráveitu þar sem fráveituvatn er leitt í lokaðan geymi, staðsettann á fjarsvæði vatnsverndar innan hverrar lóðar.

**Vatnsverndarsvæði**

Samkvæmt Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007-2027 liggur svæðið sem deiliskipulagið nær til á mörkum grann- og fjarsvæðis vatnsveitu Fjarðabyggðar. Vísað er til ákvæða Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027, kafla 9.1.9, um hvaðeina er varðar mengunarvarnir.

Skýringar:

- Lóðir
- Vegir
- Skipulagsmörk
- Byggingarreitir
- Vatnsverndarsvæði / Brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði / Grannsvæði
- Vatnsverndarsvæði / Fjarsvæði
- Núverandi byggingar
- Lækir
- Leiksvæði
- Hæðarlínur 5 m

# Fannardalur, Norðfirði

## Deiliskipulag svæðis fyrir frístundabyggð

Verk nr. 08 – 002
Teikning nr. 001
Mælikvarði: 1:1000


Strympa
skipulagsráðgjöf

Þórhallur Pálsson arkitekt
Eiðavöllum 2, 701 Egilsstaðir
Kt. 160152-3899
S: 471 2490 / 863 3682
tp@strympa.is


19.02.2018